

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Vísindasjóð Landspítala – háskólasjúkrahúss.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Vísindasjóður Landspítala – háskólasjúkrahúss. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 35.710.055 kr. Það er fé sem var í Vísindasjóði Borgarsjúkrahúss Reykjavíkur þann 1. janúar 2001 33.710.055 kr., en sá sjóður var stofnaður til minningar um Þór Sveinsson lækni og Þórð Úlfarsson flugmann, með skipulagsskrá staðfestri 5. janúar 1964 og fé úr vísindasjóði Landspítalans 10. maí 2001 2.000.000 kr., en starfsreglur hans voru samþykktar af heilbrigðisráðherra þann 31. október 1994.

Í árslok 2007 nam eigið fé sjóðsins samtals 48.145.802 kr.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja og efla vísindarannsóknir, athuganir og tilraunir í vísindalegum tilgangi á Landspítala eða í náinni samvinnu við hann. Allir háskólamenntaðir starfsmenn LSH geta sótt um styrk úr sjóðnum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Einn skal tilnefndur af læknaráði LSH, einn af hjúkrunarráði LSH og einn af skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar. Skulu tveir tilnefndir af framkvæmdastjórn LSH og annar þeirra vera formaður og hinn úr hópi annarra háskólastéttu en lækna og hjúkrunarfræðinga. Skipunartími stjórnar er fjögur ár.

Stjórnin ákveður hversu miklu fé skuli úthluta hverju sinni. Úthlutun styrkja fer fram einu til tvívar sinnum á ári að fengnum tillögum úthlutunarnefndar. Stjórnin skipar úthlutunarnefnd og setur henni starfsreglur.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

Árlegt framlag LSH samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnar LSH.

Framlög fyrirtækja vegna rannsóknasamninga við LSH og starfsmenn hans.

Framlög frá opinberum aðilum og einstaklingum.

Gjafir sem sjóðnum berast.

Vaxtatekjur.

Aðrar tekjur.

Stjórninni er skyldt að ávaxta fé sjóðsins á sem hagkvæmaston hátt.

Ekki má skerða höfuðstól sjóðsins við úthlutun styrkja svo mikið að ekki standi ávallt eftir a.m.k. 25.000.000 kr. sem haldi verðgildi sínu á hverjum tíma. Í árslok 2007 nam bundinn höfuðstóll 34.006.919 kr.

6. gr.

Bókhald og fjárvörslu sjóðsins annast skrifstofa fjárrleiðna og upplýsinga (SFU) hjá Landspítala og skal reikningsár sjóðsins miðast við almanaksárið. SFU semur árlega ársreikning fyrir stjórn sjóðsins, og skal hann liggja fyrir eigi síðar en 1. júní ár hvert fyrir undangengið ár. Bókhald og reikningsskil sjóðsins skulu vera í samræmi við bókhaldslög, nr. 145/1994, og við ársreikningalög, nr. 3/2006, auk reglna Landspítala um bókhald sérsjóða og tengdra verkefna.

Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af endurskoðanda Landspítala. Endurskoðaður ársreikningur skal sendur Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár.

Nr. 157

27. janúar 2009

7. gr.

Samþykki meirihluta stjórnar sjóðsins þarf til að breyta skipulagsskrá þessari. Verði sjóðurinn lagður niður rennur fé hans til annarrar sambærilegrar starfsemi.

8. gr.

Í samræmi við lög um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988, með síðari breytingum, skal leita staðfestingar á skipulagsskrá þessari hjá embætti sýslumanns. Sama á við um breytingar á skipulagsskrá.

Við staðfestingu þessarar skipulagsskrár fellur úr gildi skipulagsskrá fyrir Vísindasjóð Landspítala – háskólasjúkrahúss nr. 618 frá 8. maí 2001.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 27. janúar 2009.

Ríkarður Másson.

Helgi Már Ólafsson.

B-deild – Útgáfud.: 12. febrúar 2009